

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2016

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka



Trúnaðarmenn að loknu námskeiði í Staðarborg í Breiðdal.

Tími hinna stóru átaka er að byrja

1. maí er alþjóðadagur verkamanna. Baráttudagur sem á sér á annað hundrað ára sögu og var upphaflega valinn til að minnst blóðsúthellinga í Boston í Bandaríkjunum í verkfallsátökum sem háð voru sem hluti af baráttu fyrir 8 stunda vinnudegi.

Alls voru 4 verkfallsmanna teknir af lífi, einn fyrirfór sér í fangaklefa fyrir aftökuna. Tveir aðrir voru dæmdir til dauða en dómnum var breytt í fangelsisdóm af ríkisstjóra og sá áttundi var dæmdur til 15 ára fangelsisvistar. Réttarhöldin komu í kjölfar átaka þar sem 6 lögglumenn létu lífið og einhver óþekktur fjöldi verkfallsmanna. Ástæða þess að þetta er rifjað upp hér er að við tókum oft réttindum okkar og lífsgæðum sem einhverjum náttúrulögmálum. Að kjör okkar og mannréttindi hafi fallið af himnum ofan og að starf verkalyðsfélaga sé bara eitthvað tilgangslítið þras og röfl og til þess eins að hafa af okkur félagsgjöld.

Mannkynið er á annað hundrað þúsund ára gamalt og þekkt saga þess spannar einhverjar þúsundir ára. Á þessum tíma hafa almenn mannréttindi verið við lýði í hluta heimsins í áratugi eða í mesta lagi á annað hundrað ár – eftir því hvernig menn meta mannréttindi.

Réttlausir vinnuaurar

Réttur alþýðufólks og launafólks hefur verið lítill nánast alla sögu mannkyns og yfirvöld, hvernig sem þau hafa verið samsett á hverjum tíma, hafa litið á allan almenning sem nánast réttlæsa vinnuaura og fallbyssu-fóður í baráttu valdaafllanna fyrir meiri auð og meiri völdum.

Á öldum áður héldu menn völdum með hervaldi og ógnarstjórn og enn er það stundað víða um heim. En í hinum vestræna heimi nota menn aðrar aðferðir – þar njótum við svokallaðs lýðræðis og finnst við hafa eitthvað um samfélagið að segja. En þegar grannt er skoðað hafa auðmennirnir haft tögl og hagldir allar götur síðan um 1970 og síðan þá hefur misskipting gæða farið vaxandi og ríkasta 1% jarðarbúa tekið æ meira til sín.

Verkalýðsbaráttan var hörd í upphafi og menn börðust víða um heim

og lögðu líf og limi undir. Baráttan snerist ekki síst um viðurkenningu á verkalyðsfélögum og samningsrétti þeirra og síðan um laun, vinnutíma, veikindarétt, og svo mætti áfram telja. Árangurinn varð umtalsverður og alþýðan flutti úr hreysum og kofum í mannsæmandi húsnæði og börn alþýðufólks gátu sótt sér menntun.

Nýjar aðferðir til valds

Yfirstéttin lagði samt aldrei upp laupana heldur beið tækifæris og aðlagði sig. Í staðinn fyrir hrein þrælátök notar hún stjórnmálin. Þannig erum við nú vitni að uppljóstrunum um svo stórfellda fjármagnsflutninga í „skattaskjól“ að það er verulega farið að hafa áhrif á samfélagsmynd okkar og annarra – en þetta ku allt vera löglegt en kannski smá siðlaust.

Þetta er hægt af því að það eru valda- og auðstéttirnar sem skrifa löginn og skipa í embættismanna-

og dómaraströður. Svo er almenningi séð fyrir afþreyingu – júrúvision eða bardagakeppnum og á meðan flytja auðmennirnir allt sitt í skattaskjól.

Verkalýðsbaráttan er ekkert búið. Við höldum kannski að við hefðum náð einhverjum samfélagsáttmála og síðan væri það vinna að útfæra hann – auka smátt og smátt við réttindi og bæta kjör og að þannig væri tími hinna stóru átaka að mestu liðinn. Af fréttum undanfarinna vikna virðist vera sem þetta sé allt misskilningur. Tími hinna stóru átaka er að renna upp – og þessi átök verða alþjóðleg og þau verða flókin og þau verða erfið. Ef við ætlum ekki að láta auðstéttirnar ná öllum völdum þurfum við að rísa upp og það þarf að breyta regluverkinu og fjármálakerfinu og þar verðum við að byrja á því að taka til hjá okkur.

Starfsmenntasjóðir

Færri sækja hærri styrki

Félagsmönnum sem sóttu sér styrk til starfsmenntasjóða sem félagið á aðild að fækkaði um ca 5% á milli ára en heildarupphæð styrkja hækkaði lítillega. Alls sóttu 676 félagsmenn sér styrki til menntunar en voru 709 árið á undan. Reyndar ber að líta til þess að 2014 fjölgaði þeim sem leituðu til sjóðanna talsvert eða um rösk 10%.

Fjárhæðir einstakra styrkja starfsmenntasjóða má sjá á heimasíðu AFLs eða á heimasíðum einstakra sjóða. Algennt er að einstaklingsstyrkir til starfstengds náms séu 75% af kostnaði en þó ekki hærri en kr. 70.000 á ári. Styrkir til tólmstundanáms geta orðið allt að 20.000 kr. en þó ekki hærri en 75% af námskeiðskostnaði.

Vert er að minna á að þeir sem ekki hafa fengið styrk í 3 ár geta sótt um „uppsafnaðan styrk“ allt að kr. 190.000 vegna einstaks náms eða námskeiðs. Ferðastyrkur vegna þessa náms er þá hluti heildarstyrks.

Einnig má minna á að veittur er styrkur að upphæð kr. 100.000 vegna aukinna ökuréttinda og er sá styrkur aðeins veittur hverjum sjóðsfélaga einu sinni.

Upplýsingarnar hér að ofan – þ.e. um styrk til aukinna ökuréttinda og uppsafnaðs styrks eiga við um „mennt“ sjóðina, þ.e. Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt. Svipaðar reglur eru í starfsmenntasjóði verslunarmanna, starfsmennt, en upphæðir gætu verið aðeins hærri. Starfsmenntasjóður iðnaðarmanna, Iðan, veitir ekki einstaklingsstyrki.


Athugið að mismunandi reglur geta verið milli starfsmenntasjóða og er nauðsynlegt að kynna sér reglur viðeigandi sjóðs áður en félagsmaður skipuleggur nám sitt með tilliti til mögulegra styrkja. Starfsfólk félagsins getur gefið félagsmönnum upp-

lýsingar um rétt þeirra og hvaða starfsmenntasjóð þeir tilheyra en öll réttindi í sjóðunum fara eftir því iðgjaldi sem greitt er til sjóðsins og starfstíma.

Ástæða er til að vekja athygli á aukningu

styrkja í menntasjóði Iðnaðarmannadeildar AFLS, en það kemur aðallega til af því að með því að félagið tók að sér að innheimta starfsmenntasjóðsgjöld iðnaðarmanna var skráning iðnaðarmanna í AFLi færð í rétt horf en áður höfðu margir þeirra verið að skila iðgjöldum til Landsmenntar – starfsmenntasjóðs verkamanna. Með þessu jókst ásókn

iðnaðarmanna í okkar eigin menntasjóð enda er símenntastarf iðnaðarmanna aðallega fólgið í skipulögðum starfsnámskeiðum en ekki með einstaklingsstyrkjum.



Starfsmenntastyrkir						
Sjóður	2015		2014		2013	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
IMA	21	615.180	7	130.349	5	127.512
Landsmennt	438	18.169.935	506	19.471.135	458	15.348.593
Ríkismennt	30	1.525.030	43	1.394.845	27	866.320
Sjómennt	28	1.092.840	19	739.925	33	1.272.599
Sveitamennt	121	4.272.705	101	3.557.787	87	2.292.560
Verslunarmannasjóður	38	1.628.599	33	1.163.258	21	420.765
	676	27.304.289	709	26.457.299	631	20.328.349

Styrkir sjúkrasjóðs hækka!

Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig þróun hefur verið í greiddum styrkjum og dagpeningum sjúkrasjóðs AFLs sl. 3 ár. Talsvert sveifla hefur verið í greiddum dagpeningum og voru þeir umtalsvert lægri 2014 og árið á undan og svo 2015. Dagpeningar námu í fyrra um 80 milljónum króna sem greiddir voru til 134 einstaklinga. Þetta er svipuð upphæð og 2013 en til færri einstaklinga.


2014 voru dagpeningar ekki nema um 61 milljón króna og það ár sóttu 128

einstaklingar dagpeninga til AFLs eða færri en árin á undan og eftir. Aðrir styrkir sjúkrasjóðs eru á svipuðu róli milli ára en reyndar er marktæk fjölgun á milli ára á þeim sem sækja sér styrk til heilsueflingar, svo og styrk til krabbameinsskoðunar og til sjúkraþjálfunar.

Á næsta ári má búast við að útgjöld vegna styrkja aukist talsvert þar sem félagið hækkaði í vetur upphæð flestra styrkja um 50% enda hafa upphæðir ver-

ið nánast óbreyttar frá 2007. Þannig verða heilsueflingarstyrkir nú 15.000 kr. í stað 10.000 kr. Styrkur til tækni-frjóvgunar var hækkaður um 100% og styrkir til augnaðgerða og heyrnartækjakaupa voru hækkaðir um 50%. Vert er að minna á að megintilgangur sjúkrasjóða félaganna og lögbundið hlutverk er greiðsla dagpeninga og dánarbætur þegar tekjur falla niður vegna veikinda eða í

kjölfar slysa. Styrkir sjúkrasjóðsins vegna annarra málefna mega aldrei ógna getu sjóðsins til að sinna því hlutverki. AFL Starfsgreinafélag lét gera tryggingafræðilega könnun á sjúkrasjóði félagsins fyrir 3 árum síðan og reyndist sjóðurinn vel fær um að sinna framtíðarskuldbindingum sínum. Gerð verður ný úttekt á sjóðnum eftir 2 ár.



Sjúkradagpeningar og styrkir		2013		2014		2015	
Styrkir	alls	fjöldi	alls	fjöldi	alls	fjöldi	alls
Dánarbætur	3.638.300	27	5.224.710	36	3.613.615	29	
Glasafriðvgun	482.355	5	152.000	3	700.000	7	
Gleraugnakaup	3.225.944	140	3.723.782	165	4.292.966	163	
Gleraugnakaup barna	577.360	46	382.866	30	438.800	33	
Heyrnartæki	400.000	4	602.495	7	1.210.879	14	
Ferðakostnaður	4.699.049	186	4.571.249	171	4.738.286	159	
Heilsuefling	3.271.568	451	3.414.327	540	3.958.277	597	
Hjartavernd	189.682	24	158.458	19	139.851	15	
Krabbameinsskoðun	801.617	151	936.621	185	1.299.052	245	
Laser augnaðgerð	1.483.200	16	1.200.000	12	1.440.347	16	
Medferð	145.000	3	60.000	1	60.000	1	
Sjúkraþjálfun	3.901.410	206	5.888.529	369	6.041.047	359	
Sjúkraþjálfun barna	95.138	9	99.545	11	114.527	15	
Læknisvottorð	0	0	2.800	2	0	0	
	22.910.623	1268	26.417.382	1551	28.047.647	1653	
Sjúkradagpeningar	80.259.696	167	61.456.995	128	79.199.249	134	

„Vilta vestrið á vinnumarkaði“

- AFL í virku vinnustaðaeftirliti

Svört vinna, starfsmannaleigur, skattsvik og undanskot. Þessu kynntumst við á Austfjörðum vel á uppbyggingartíma Kárahnjúkavirkjunar og mestur hluti vinnu AFLs Starfsgreinafélags og fleiri stéttarféлага fór í að reyna að verja vinnumarkaðinn og kjör okkar allra fyrir þeim gegndarlausu félagslegu undirboðum sem í gangi voru. Félagið háði þá tugi dómsmála þar sem við drógum starfsmannaleigur og verktakafyrirtæki fyrir dóm – oft fyrir framferði sem telja má nánast mansal.



Því miður er allt þetta að gerast aftur. Nú eru fluttir til landsins verkamenn í skjóli gerviverktöku á grundvelli svokallaðs þjónustusáttmála Evrópusambandsins og geta heilu starfsmannagengin starfað hér í allt að þrjá mánuði nánast utan við lög og rétt. Ennfremur streyma til landsins „sjálfboðaliðar“ til starfa í landbúnaði og í ferðaþjónustu aðallega en einnig höfum við séð jafnvel útgerðir og verktaka auglýsa á sam-

félagsmiðlum eftir sjálfboðaliðum. Tilgangur kjarasamninga er að semja um lágmarkskjör og með því að „sjálfboðaliðar“, eða starfsfólk sem skotið er undan almennum viðmiðum á grundvelli gerviverktöku, eru orðnir virkir þátttakendur á vinnumarkaðnum er fótunum kippt undan lágmarkskjörum sem samið er um. Launagreiðslur stefna í lægsta samnefnara – þ.e. hvað hægt er komast upp með að greiða lág laun.

AFL Starfsgreinafélag hvetur alla launþega til að vera vakandi fyrir misnotkun á launafólki og þá ekki síst erlendum starfsmönnum og ungmennum. Félagið tekur við ábendingum og verður í sumar í virku vinnustaðaeftirliti í samstarfi við skattayfirvöld og Vinnuálastofnun. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt álit Ríkisskattstjóra eru sjálfboðaliðar við vinnu skattskyldir af hlunnindum sem þeir fá, þ.e. mat og húsnæði, og

vinnuveitandinn er skattskyldur um verðmæti þeirrar vinnu sem hann þiggur í gjöf.

Munum að það sem eftir er af velferðarkerfi landsins borgar sig ekki sjálft – það þarf að borga skatta til að reka það og það er engin ástæða til að láta fyrirtæki koma sér hjá skattgreiðslum með því að niðast á eyms annarra.

AFL Starfsgreinafélag boðar til aðalfundar félagsins 2016

Boðað er til aðalfundar AFLs Starfsgreinafélags 2016 laugardaginn 7. maí klukkan 15:00 á Hótel Framtíð Djúpvavogi.

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
- 2) Reikningar félagsins kynntir og bornir upp til samþykktar
- 3) Kjör stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs
- 4) Kjör félagslegra skoðunarmanna
- 5) Kjör til annarra stjórna og ráða félagsins sbr. lög þess
- 6) Ákvörðun félagsgjalds
- 7) Kjör fulltrúaráðs Stapa.
- 8) Önnur mál

Ferðir verða skipulagðar af skrifstofum félagsins – hafið samband við næstu skrifstofu. Ársreikningar félagsins liggja fyrir á skrifstofum félagsins viku fyrir aðalfund.

AFL Starfsgreinafélag



Til góðra verka!

Myndasamkeppni AFLs

Sælt er sumarið

AFL hefur síðustu ár efnt til ljósmyndasamkeppni í tengslum við orlofshús félagsins. Veitt eru verðlaun fyrir bestu mynd frá hverjum orlofsdvalarstaða sem AFL býður upp á – og síðan glæsileg aðalverðlaun sem hafa verið myndavél að verðmæti 100.000 krónur.

Þátttakan var frekar dræm fyrstu árin en félagið hélt ótrautt áfram og eru

nú fleiri félagsmenn farnir að senda okkur myndir úr orlofsdvöl sinni. Vinningsmyndin prýðir síðan forsíðu næsta orlofsbæklings félagsins auk þess sem myndir úr keppninni hafa verið notaðar meðal annars á jólakort félagsins og í öðrum tilgangi – í samráði við ljósmyndarann.

Á síðunni má sjá nokkrar af verðlaunamyndum liðinna ára.



Leikur í fjallaferð. Myndin er tekin af Sigurbirni Árnasyni ofan við Illugastaði sumarið 2015.



Sigurmyndin 2015 eftir Hreiðar Geirsson. Myndin er tekin á Þingvöllum sumarið 2015 á meðan orlofsdvöl fjölskyldunnar stóð í Reykjaskógi.



Gaman á leikvellinum. Sigurmyndin 2014 eftir Karen Sif Randversdóttir. Myndin er tekin á Illugastöðum.



Fjör á Einarstöðum sumarið 2015.

Mynd: Sýlvía Davíðsdóttir